

Framhaldsaðalfundur Golfklúbbs Ísafjarðar var haldinn í kaffistofu 3X Technology fimmtudaginn 23.janúar n.k. kl. 20:00

Dagskrá:

1. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gögn voru send út með fundarboðinu, bæði gömlu lögum og nýju drögum. Einnig voru send út nýtt skipurit og starfslýsingar nefnda.
2. Lagabreytingar
Eftirfarandi breytingatillaga barst við drögum að nýju lögum. 8.grein 2.mgr: Þá breytist ***ellilífeyrisþegar greiði hálf gjald*** verði hér eftir ***félagsmenn eldri en 67 ára greiði hálf gjald***. ***Við greinina bætist: Ef annar makinn er orðinn 67 ára þá greiða hjón eitt árgjald.***

Breytingatillagan var samþykkt.

Þá hljóðar 2.mgr 8.gr eftirfarandi:

Átján ára og eldri greiði fullt árgjald, fjórtán til sautján ára greiði hálf gjald, meðlimir yngri en fjórtán ára greiði einn tíunda hluta gjalds. Hjón greiði eitt og hálf árgjald. Félagsmenn eldri en 67 ára greiði hálf gjald. Ef annar makinn er orðinn 67 ára þá greiða hjón eitt árgjald.

3. Nýju lögum borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20:45

Kristín Hálfðánsdóttir.